

Ed. 111. Frumvarp til laga [95. mál]
um breyting á lögum nr. 47 frá 28. apríl 1967 um Samabyrgð Íslands á fiskiskipum.
(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.
Aftan við e-lið 2. gr. komi nýr liður f. svohljóðandi:
Aðrá fyrirgreiðslu til fiskiskipaútgerðar, sem stofnunin getur í té látið að mati stjórnarinnar. Núverandi f.-liður breytist í lið g.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Reikningsár Samábyrgðarinnar er almanaksárið.

Í reikningum félagsins skulu koma fram tekjur og gjöld í hverri grein trygginga fyrir sig, enda skulu þeir vera í samræmi við þær reglur, sem Tryggingaeftirlitið setur.

Bráðafúatryggingarnar skulu vera sérstök deild í Samábyrgðinni með aðgreindu reikningshaldi, og ber aðalsjóður félagsins ekki ábyrgð á skuldbindingum þeirrar deildar.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem ráðherra skipar.

Stjórn Samábyrgðarinnar skal fyrir júnílok ár hvert senda ráðuneytinu og Tryggingaeftirlitinu reikninga félagsins fyrir næstliðið ár.

3. gr.

Aftan við 1. mgr. bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Til aukafulltrúafundar skal boða ef þrjú eða fleiri bátaábyrgðarfélög óska þess.

4. gr.

7. gr. verður 15. gr. undir III. kafla, ýmis ákvæði, en verði að öðru leyti óbreytt.

5. gr.

8. gr. verður 7. gr.

6. gr.

9. gr. verður 8. gr. svohljóðandi:

Hafi skip eigi fengið haffærisskirteini endurnýjað, er heimilt að fella það úr tryggingu eftir að eitt ár er liðið frá því haffærisskirteinið rann út.

Þegar svo stendur á skal Samábyrgðin segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna það veðhöfum með 14 daga fyrirvara.

Fái skipið haffærisskirteini að nýju, skal það tekið í tryggingu að nýju að lokinni fúaskoðun.

Súðbyrt skip er eigi skylt að vát tryggja gegn bráðafúa.

7. gr.

10. gr. verður 9. gr.

8. gr.

11. gr. verður 10. gr.

9. gr.

12. gr. verður 11. gr., en auk þess falla niður: „Skipaskoðun ríkisins“, en í staðinn kemur: Siglingamálastofnun ríkisins.

10. gr.

13. gr. verður 12. gr og við greinina bætist: —, enda sé skoðunin framkvæmd samkvæmt fyrirmælum og undir eftirliti matsmanna Samábyrgðarinnar.

11. gr.

14. gr. verður 13. gr. og á eftir 1. mgr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Tjón skal talið tilheyra því váttryggingartímabili, þegar viðarsýnishorn þau voru tekin, er leiddu til úrskurðar um bráðafúatjón.

12. gr.

15. gr. verður 14. gr og orðist svo:

Ráðherra ákveður iðgjöld í samráði við Samábyrgðina, að fenginni umsögn Tryggingaæftirlitsins, og skulu þau ákveðin árlega.

Iðgjöldin falla í gjalddaga, þegar tryggingin gengur í gildi, og síðan 1. janúar ár hvert.

Iðgjöld endurgreiðast ekki, þótt um hafnarlegu eða uppistöðu hlutaðeigandi skips sé að ræða.

13. gr.

16. gr. flyst óbreytt undir III. kafla, ýmis ákvæði.

14. gr.

Úr 17. gr. 1. mgr. falla rómversku töluliðirnir II. og III., en í staðinn kemur: V.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 47 frá 28. apríl 1967 og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Stjórn Samábyrgðarinnar hefur bent á að æskilegt sé að auka svigrúm félagsins til samræmis við starfsemi annarra tryggingarféлага.

Um 2. gr.

Hér er um að ræða breytingar til samræmis við lög nr. 26/1973 um váttryggingarstarfsemi.

Um 3. gr.

Talið er eðlilegt að bátaábyrgðarfélög geti krafist auka fulltrúafundar ef þau telja ástæðu til.

Um 4. gr.

Þar sem þessi grein á einnig við um bráðafúatryggingar, þykir nauðsynlegt að setja hana undir III. kafla, ýmis ákvæði, sem fjallar um alla þætti starfsemi Samábyrgðarinnar. Greinarnúmer breytist í samræmi við það.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Talið er eðlilegt að heimild sé til að stytta þann tíma, sem skip getur verið í bráðafúatryggingu eftir að haffærisskírteini þess rann út, enda óeðlilegt að bráðafúaskoðun eða viðgerð á þeim ágöllum, sem leiddu til þess að haffærisskírteini fékkst ekki endurnýjað, sé eigi hafin innan eins árs.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Nauðsynlegt er talið að setja í þessa lagagrein nánari skýringar um framkvæmd bráðafúaskoðunar.

Um 11. gr.

Rétt þykir að setja þetta ákvæði, sem var í reglugerð, í þessa lagagrein.

Um 12. gr.

Á þessari grein eru gerðar tvær breytingar. Hin fyrri er um ákvörðun iðgjalda og er gerð vegna laga nr. 26/1973 um váttryggingarstarfsemi. Hin síðari er um endurgreiðslu iðgjalda, og er tekin óbreytt úr gildandi reglugerð. Er talið sjálfsagt að setja þessa grein í lög.

Um 13. gr.

Þar sem ákvæði þessarar greinar eiga við um alla þætti starfseminnar þ. e. bæði hina almennu váttryggingarstarfsemi og bráðafúatryggingar er talið nauðsynlegt að setja greinina undir III. kafla laganna, ýmis ákvæði.

Um 14. gr.

Breytingin er gerð til samræmis við breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringar.